

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðs Ásbjörnssonar
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 6. nóvember 2020
UST202010-170/Í.M.J.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matskyldufyrirspurn – Stækkun á eggjabúi að Miklaholtshelli í Flóahreppi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 17. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Fyrirtækið Nesbúegg ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) áformar að auka eggjaframleiðslu á eggjabúi sínu að Miklaholtshelli 1 og 2 í Flóahreppi úr eldisrými fyrir 22.000 fugla í eldisrými fyrir alls 59.000 fugla. Fyrir er á Miklaholtshelli 1 hús með eldisrými fyrir 10.000 fugla og á Miklaholtshelli 2 hús með 12.000 fugla eldisrými. Fram kemur í greinargerð að rekstraraðili stundi lífrænt eldi á varphænum að Miklaholtshelli og því þörf á töluverðu útisvæði fyrir hænurnar.

Fyrir liggur deiliskipulag fyrir svæðið sem nær til jarðarinnar Miklaholtshellis 2 og hluta jarðar Miklaholtshellis 1. Gert er ráð fyrir alifuglahúsum á þremur reitum og eru tveir þeirra eru landi Miklaholtshellis 2. Á öðrum þeirra hefur þegar verið byggt 1330m² alifuglahús og á hinum er fyrirhugað er að reisa tvö hús til viðbótar allt að 1500 m² hvort. Þriðji reiturinn er á landi Miklaholtshellis 1 þar sem gert er ráð fyrir allt að 1500 m² húsi. Við hvert hús verður 400 m³ hauggeymsla sem gert er ráð fyrir að rúmi 6 mánaða uppsöfnun á skít.

Starfsleyfi og besta aðgengilega tækni (BAT)

Starfsemin fellur undir lið 6.6.a) í I. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og er því starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun. Stofnunin telur æskilegt að öll framleiðsla á Miklaholtshelli 1 og Miklaholtshelli 2 sé á einu starfsleyfi nema mikill eðlismunur framleiðsluaðferðum milli búa. Umhverfisstofnun tekur fram að málshraði fyrir starfsleyfisveitingu eru 240 dagar frá því fullnægjandi umsókn hefur verið samþykkt.

Umhverfisstofnun bendir á að ákvæði í starfsleyfi rekstraraðila munu vera í samræmi við bestu aðgengilegu tækni skv. reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun. Stofnunin bendir á að

BAT-niðurstöður liggja fyrir á íslensku og eru aðgengilegar á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Um er að ræða framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/302 frá 15. febrúar 2017 um að fastsetja niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna þéttbærs eldis alifugla og svína. Umhverfisstofnun tekur fram að við starfsleyfisgerð gilda aðferðir til mengunarvarna í BAT-niðurstöðum fremur en starfsreglur um góða búskaparhætti frá 2002.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Við mat á umhverfisáhrifum skal taka mið af umfangi og eðli framkvæmdar auk staðsetningar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti. Umhverfisstofnun fjallar um og tekur afstöðu til áhrifa framkvæmdar á eftirfarandi umhverfisþætti; gróðurfar, fuglalíf, jarðmyndanir, landslag og ásýnd, lyktarmengun, og vatnafar. Umhverfisstofnun telur áhrif framkvæmdar, eins og hún er fram sett í greinargerð, á áður nefnda þætti verði óveruleg að því gefnu að stuðst verði við BAT-niðurstöður við tilhögun mengunarvarna. Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir:

Meðhöndlun skíts

Fram kemur í greinargerð að hús verði útbúin hita í gólfum til að lágmarka vökvainnihald skíts. Hreinsað verður úr húsum a.m.k. vikulega og skít komið fyrir í haughúsum og gert er ráð fyrir að 49.000 hænur muni skila um 1.252 tonnum af skít á ári. Fyrirhugað er að skít verði dreift á tún Miklaholtshellis, en einnig á tún og kornakra í nágrenni búsins (bls. 11). Umhverfisstofnun bendir á að dreifing skíts er aðeins heimil á tímabilinu 15. mars til 1. nóvember ár hvert skv. gr. 7.1 í reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Þegar kemur að starfsleyfisgerð þarf að liggja fyrir dreifingaráætlun fyrir skítinn sem er í samræmi við BAT-niðurstöður.

Förgun fugla

Fram kemur í greinargerð að dauðfuglar verði „geymdir í lokuðum körum/gámum sem verða losaðir reglulega og fargað á viðurkenndan hátt“ (bls. 12). Umhverfisstofnun tekur fram að eingöngu má urða aukaafurðir dýra að uppfylltum skilyrðum í a. lið í 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017 sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009. Þá bendir stofnunin á að skv. b) lið 10. gr. reglugerðar nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, þá er ekki heimilt að urða dýrahæ sem falla í 2. áhættuflokk nema að undangenginni meðhöndlun skv. c) lið 9. gr reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að fyrir starfsleyfisveitingu liggi fyrir samningur við viðurkenndan móttökuaðila um móttöku og förgun á þeim fjölda fugla sem fyrirhugað er að ala ef upp kemur alvarleg sýking í búinu. Tekið skal fram að málefni smitvarna og sýkinga fugla falla undir verksvið Matvælastofnunar en sá úrgangur sem verður til ef upp kemur sýking á búinu, þ.e. förgun fugla, fellur undir verksvið Umhverfisstofnunar.

Fyrirkomulag þrifa og meðhöndlun þrifavatns

Fram kemur í greinargerð að fráveita frá húsum fari í rotþrær (bls. 11). Ekki er fjallað um fyrirkomulag þrifa á eldishúsum þegar skipt er um fugla. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fyrir vinnslu starfsleyfis liggi fyrir hvernig þrif húsa muni fara fram, hvers konar hreinsiefni verði notuð og hvernig fyrirkomulagi söfnunar og meðhöndlunar þrifavatns verði háttáð.

Niðurstöður

Umhverfisstofnun telur umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar liggja skýrt fyrir og að ferli umhverfismats sé í þessu tilfelli ekki til þess fallið að varpa skýrari mynd á áhrif starfseminnar á umhverfið.

Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í starfsleyfi og sé byggð á bestu aðgengilegri tækni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri